

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚLÍ 2015



## HEIMILT AÐ SKIPTA UM TRYGGINGAFÉLAG MEÐ MÁNAÐAR FYRIRVARA – NÝ LAGASETNING

Ný lög sem tóku gildi um síðustu mánaðamót gera bíleigendum kleift að segja upp váttryggingasamningum með mánaðar fyrirvara. Hefur verið baráttumál FÍB um langt árabil. Margir taka nýju lögnum fagnandi.

**F**rá og með 1. júlí sl. tóku gildi breytt lög um váttryggingasamninga. Þar með þurfa þeir sem vilja skipta um tryggingafélag ekki lengur að bíða heilt ár eftir því að „uppsagnarglugginn“ opnast fáeina daga einu sinni á ári. Framvegis nægir að segja upp váttryggingasamningi með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögnin þá við næstu mánaðamót þar á eftir.

### Langvinnt baráttumál FÍB

Að losa neytendur úr þessum höftum hefur um langt árabil verið baráttumál FÍB og má segja að loks hafi sjónarmið félagsins orðið

ofan á hjá löggjafarvaldinu. Félagið hefur ætíð hvatt bifreiðaeigendur til þess að fylgjast grannt með iðgjöldum bifreiðatrygginga sinna og leita reglulega tilboða í þær. Gallinn hefur bara verið sá að samkvæmt eldri lögum framlengdust tryggingasamningar sjálfvirkt um ár í senn, væri þeim ekki sagt upp a.m.k. mánuði áður en þeir runnu út. Nú er það breytt. Þessum fjötrum hefur verið létt af neytendum og í 14. grein laganna segir m.a. þetta: „Hyggist váttryggingartaki segja váttryggingu upp vegna flutnings váttryggingar til annars félags, sbr. 2. mgr., skal tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrir-

vara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.“

### Taka nýju lögnum fagnandi

En hvernig skyldu tryggingafélögin á Íslandi taka þessari breytingu? Í samtali við Ragnheiði Agnarsdóttur, framkvæmdastjóra einstaklingsþjónustu og samskipta hjá TM, sagði hún að félagið fagnaði þessum nýju lögum. Þar á bæ væri fólk fylgjandi frelsi í viðskiptum. Þau sköpuðu tækifæri fyrir tryggingafélögin og sérstaklega fyrir þau félög sem vilja standa sig vel í samskiptum við viðskiptavinina sína. Auð-

vitað færi þau aukna pressu og meiri fagmennsku en í tilvikum TM væri því fagnað, enda hefði TM verið það tryggingafélag sem hafi átt ánægðustu viðskiptavinina á tryggingamarkaði 14 sinnum á síðustu 16 árum.

### Tækifæri til að umbuna langtíma viðskiptavinum

Ragnheiður sagði enn fremur að þessi nýju lög gerðu í raun auknar kröfur til tryggingafélaganna að umbuna þeim viðskiptavinum sem halda áfram í viðskiptum fremur en þeim sem sífellt eru að skipta. Aðspurð hvort hún ætti von á lækun iðgjalda bíleigenda sagði hún svo ekki vera.

Því miður hefði lök afkoma verið af ökutækjatrýggingum undanfarið, ekki síst vegna slæms veðurs síðasta vetur. Tjónum hefur fjölgað síðastliðin tvö ár. Mikil fækkun tjóna varð eftir hrun en nú hefur þeim stórlega fjölgað aftur og helst það sem fyrr í hendur við umsvifin í þjóðfélaginu og fjölgun bíla. Þá nefndi Ragnheiður að mikil aukning hefði orðið í tjónum bílaleigubíla, en bílum þeirra hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum. VÍS er stærst á íslenska markaðnum fyrir bílattrýggingar, Sjóvá næst, svo TM og Vörður minnst þeirra fjögurra félaga sem hérlendis starfa.



## BETRA START

### MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótórhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:





## Ný og ódýrari rafmagnsdrifrás frá Bosch

Þýski rafmagnstækjaframleiðandinn Bosch og japanskur samstarfsaðili þess, GS Yuasa Corp., eru á góðri leið að smíða lithíum ion-rafhlöður sem kosta aðeins helminginn af rafhlöðum nútímans fyrir bíla en innihalda tvöfalda orku þeirra. Þessi nýja tækni gæti gerbreytt landslaginu í notkun rafmagns fyrir bíla, segir forstjóri Bosch. Fyrirtækin tvö hyggjast hefja sölu á þessum nýja rafbúnaði árið 2020 og er málið komið á góðan rekspól. Búist er við því að um 15% bíla verði með rafbúnaði í drifrás sinni árið 2020 og því er eftir miklu að slægjast hjá Bosch og GS Yuasa. Helsti munurinn á þessum búnaði og þeim rafbúnaði sem notaður er í dag er sá að hann notast við 48 volta spennu, en ekki 220 volta. Þessi búnaður frá Bosch mun fara í ónefndan bíl þekktis evrópsks bílafremleiðanda í ár og því ætti fljótlega að koma reynsla á þessa nýju tækni.



## Rafbílum Even ekið til tunglsins!

Rafbílaseljandinn íslenski, Even, hefur selt íslenskum kaupendum Tesla, Nissan Leaf og Renault Zoe rafmagnsbíla undanfarið ár og fer þeim nú ört fjölgandi á götunum. Í samantekt sem gerð var um daginn á samanlögðum akstri þessara bíla kom í ljós að þeim hafði verið ekið sambærilega vegalengd og er til tunglsins. Ekki stutt vegalengd það. Á þessum tíma hafa eigendur þeirra sparað sér kaup á eldsneyti fyrir um 20 milljónir króna og í leiðinni hlíf landanum við mikla losun koltvísýringis. Eigendur rafmagnsbíla um allan heim virðast einkar ánægðir með bíla kaup sín og hver rannsóknin af annarri leiðir það einmitt í ljós. Í nýlegri könnun í Noregi, þar sem mörg þúsund eigendur rafbíla voru spurð, kom í ljós að 91% þeirra voru mjög ánægðir með rafbíl sinn og 9% ánægðir. Aðeins tveir aðspurðra voru ekki ánægðir með bíl sinn. Svona tölur hafa ekki sést um aðra bíla, hvaða gerðar sem er.



## Öflugasti hlaðbakur heims

Audi RS3 Sportback fékk ekki lengi að halda titlinum öflugasti hlaðbakur heims með sína 362 hestafla vél. Nú hefur Mercedes Benz kynnt nýjan AMG A45 bíl sinn sem í grunninn er smæsti framleiðslubíll Benz, A-Class. Allt þetta afl fær AMG A45 frá aðeins 2,0 lítra vél og hefur afl hennar aukist um 36 hestöfl og er nú 381 hestafl. Það dugar þessum bíl til að komast í hundrað kílómetra hraða á 4,2 sekúndum, sem er bæting upp á 0,4 sekúndur frá fyrri gerð bílsins. Vélinni tengist svo 7 gíra sjálfskipting með tveimur kúplingum svo hann ætti að vera snöggur að skipta á milli gíra. Í nýja bílnum eru fjórar akstursstillingar, Comfort, Sport, Sport+ og Individual. Minnir dálítið á akstursstillingarnar í Porsche-bílum.

### Stór vindskeið að aftan

Að utan má helst auðkenna AMG A45 á hinum ýmsu vindskeiðum svo þessi kraftaköggull smjúgi nú vel í gegnum loftið þegar allt aflið er notað. Áberandi er afar stór vindskeið aftan á bílnum. Að innan hefur bíllinn breyst heilmikið, mælarnir eru gjörbreyttir með nýrri grafík, efnisnotkun og frágangur er betri og meira lagt í sætin. Apple CarPlay og MirrorLink-tengingar eru fyrir Apple-síma ásamt margs konar öðrum tækninýjungum, meðal annars launch-assist búnaði sem nota skal ef hratt skal tekið af stað. Af nýrri gerð A-Class má velja á milli 17 mismunandi gerða og eru nýjar dísilvélar á meðal valkosta.

# FJÓRIR FRÍSKIR EN SMÁIR SPORTARAR Á LEIÐinni

Japönsku sportbílarnir Mazdaspeed3 og Honda Civic Type R snúa nú aftur eftir framleiðsluhlé og nú öflugri en nokkru sinni.

Þýsku sportbílarnir Audi TT RS og BMW M2 verða mun öflugri en þeir japönsku og fær Audi-bíllinn 400 hestöfl undir húddið og BMW M2 verður norðan megin við 360 hestöflin.



Mazdaspeed3

Eins og er framleiðir Mazda ekki þessa kraftaútgáfu Mazda3, en það mun breytast eftir um tvö ár. Líklega kemur nýr Mazda3 á næsta ári og þessi öflugra útgáfa hans árið 2017. Síðasti Mazdaspeed3 var með 263 hestafla vél en hann var nokkuð gagnrýndur fyrir að vera erfiður í stýri og spóla fullmikið með allt þetta afl á einu drifi, þ.e. framhjóladrifi. Úr því ætlar Mazda að bæta með því að hafa nýja bílinn fjórhjóladrifinn. Hann mun auk þess fá 2,5 lítra Skyactive-vél í stað 2,3 lítra vélar og verður sú nýja að minnsta kosti 300 hestöfl. Bíllinn verður líklega aðeins í boði með beinskíptingu, enda hefur Mazda enga reynslu af skíptingu með tvöfaldri kúplingu og ólíklegt er að Mazda setji í hann venjulega sjálfskíptingu. Bíllinn verður aðeins í boði sem hlaðbakur. Þessi nýi bíll ætti að veita Volkswagen Golf R og Ford Focus RS væna samkeppni.



Honda Civic Type R

Öndvert Mazdaspeed3 mun þessi bíll koma á markað fljótt, eða seint á þessu ári. Hann verður með 306 hestafla vél með 2,0 lítra sprengirými. Evrópuútgáfa hans verður fjögurra dyra en bandaríska útgáf-



Audi TT RS

an tveggja dyra. Þessi bíll verður á nýjum undirvagni, þeim sama og á venjulegum Honda Civic og Si-útgáfu hans. Bíllinn verður með lengra bil milli hjóla, lægri á vegi og með lengra húdd. Honda Civic Type R mun keppa við Volkswagen Golf R en Civic Si við Golf GTI, enda afl þeirra svipað. Með þessum kraftabíl Honda mun fyrirtækið vonandi slökkva þær óánægjuraddir sem fylgdu í kjölfar níundu kynslóðar Civic og því að hætta tímabundið að framleiða Type R-útgáfuna. Svo virðist sem Honda hafi áttað sig á því að vart gengur að bjóða ekki kraftabíla af kunnnum bílgerðum sínum, líkt og aðrir framleiðendur gera.

### Audi TT RS

Núverandi Audi TT RS er bullandi skemmtilegur bíll og öflugur en næsta gerð bílsins sem von er á árið 2017 fær að minnsta kosti 400 hestafla vél. Það sem ef til vill athygliverðara er að hann verður með fimm strokka vélinu sem ættuð er úr Group B-rallinu. Hann verður sjálfskíptur með hinni þekktu og góðu DSG-sjálfskíptingu. Mikili verður notað af áli í yfirbyggingu bílsins og því ætti hann að verða léttur og sprækur með öll þessi hestöfl. Einnig er búist við því að Audi muni setja fjöðrun hans upp með ralleiginleikum, svo hann ætti að geta skvett aðeins út rassinum og hagað sér illa fyrir þá sem við það ráða. Audi ætti að selja vel af þessum bíl ef tekið

er mið af því að þegar þeir voru að velja fyrir sér smíði forvera hans báðu þeir tilvonandi kúnna að leggja inn pöntun fyrir bílnum, til að sjá hvort það væri þess virði að smíða hann. Einir 11.500 gerðu það og keyptu nær allir bílinn þegar hann svo kom út. Mikil eftirspurn er eftir öllum RS-gerðum Audi-bíla í Bandaríkjunum og þangað munu margir af þeim nýja fara.



### BMW M2

Ekki þarf lengi að bíða eftir þessum bíl, en fyrstu bílarnir ættu að renna af færibandinu seint á þessu ári. Hann mun liggja á milli BMW M235i og BMW M4 bílanna og fá ýmislegt úr smíðju þeirra. Bremsur, fjöðrun og fleira verður beint úr M4-bílnum, en undir húddinu verður órlítið breytt vél úr M235i-bílnum og aðeins öflugri. Verður hún eitthvað norðan við 360 hestöflin. Við vélinu verður tengd annaðhvort 6 gíra beinskípting eða 7 gíra sjálfskípting með tvöfaldrí kúplingu. Búist er við því að hann verði aðeins í boði afturhjóladrifinn. Sumir þeir sem fjallað hafa um þennan nýja bíl óttast að hann verði líkari M4 en hinum afar skemmtilega og smáa M235i. Vonandi hafa þeir rangt fyrir sér.

# BUGATTI CHIRON ER ARFTAKI VEYRON

Nú þegar framleiðslu Bugatti Veyron hefur verið hætt er unnið hörðum höndum að arftaka hans sem bera mun nafnið Bugatti Chiron. Þegar Bugatti Veyron var fyrst kynntur var hann með 1.001 hestafla vél en í síðari útgáfu hans, Super Sport, var hann kominn upp í 1.200 hestöfl. Sá nýi mun hins vegar fá 1.500 hestöfl í húddið úr 8,0 lítra W16 vél sem að auki er með fjórar forþjoppur, tvær þeirra rafdrifnar. Með öll þessi hestöfl fer þessi fákur úr kyrrstöðu í 100 km hraða á rétt rúmum 2 sekúndum og hámarks hraðinn verður 450 km/klst. Bíllinn mun kosta líklega um 2,4 milljónir Bandaríkjadala, eða 315 milljónir króna. Chiron mun erfa eitthvað frá Veyron-bílnum en 90 prósent parta hans verða hins vegar ný. Hann verður að sjálfsgöðu að miklu leyti úr koltrefjum til að halda niðri þyngd hans. Innanrymi bílsins verður rýmra en í Veyron, útsýni úr bílnum betra og sætisstaðan þægilegri.

### Stjórnarformannsskipti VW gætu breytt Bugatti

Langan tíma hefur tekið að þróa Chiron og á það helst skýringar í því að núverandi forstjóri Volkswagen, sem á Bugatti, hefur ekki verið alltof hrifinn af stefnu fráfarandi stjórnarformanns Volkswagen, Ferdinand Piëch, sem mestu hefur ráðið um rekstur Bugatti. Piëch hefur ávallt verið slétt sama hvort



Bugatti hafi verið rekið með hagnaði, svo fremi sem fyrirtækið framleiði stórkostlega bíla. Nú er Piëch horfinn á braut og því gæti farið svo að núverandi forstjóri Volkswagen, Martin Winterkorn, fresti enn komu bílsins og vilji ekki dæla endalausum peningum í þróun hans. Hann vill reka öll fyrirtæki sem heyrir undir Volkswagen-bílafjölskylduna með hagnaði. Svo langt var þróun Chiron komin að hann mun örugglega líta dagsins ljós, en ekki er víst að áframhaldandi rekstur Bugatti verði á sömu nótum undir stjórn Winterkorns. Bílaá hugamenn fagna samt þróun bíla eins og Veyron og Chiron og vonandi verður sem minnst breyting á Bugatti hvað slíkt snertir.

# NÝR NX 300h SKARPARI Á ALLA KANTA

Lexus NX 300h hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum.

[lexus.is](http://lexus.is)





## Einu sinni á ævinni

Fjöldmargir ökumenn fengu tækifæri til að aka Porsche á kappakstursbraut í boði Bílabúðar Benna um daginn. Þá stóð Bílabúð Benna fyrir skemmtilegri uppákomu á nýrri og breyttri kappakstursbraut Kvartmílkulúbbssins í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Til landsins voru sérstaklega komnir Porsche Boxster GTS og Porsche 911 Targa 4S bílar vegna þessa viðburðar. Þeir, ásamt mörgum öðrum Porsche-bílum, stóðu öku-mönnum til boða og gafst þeim tækifæri á að aka á sérhannaðri kappakstursbrautinni og takast á við hinar ýmsu þrautir. Svona viðburðir erlendis eru gjarnan kallaðir „roadshow“. Sérþjálfaður Porsche-kennari var einnig á landinu í tilefni þessa og leiðbeindi hann ökumönnum við að takast á við bílana. Ljósmyndari Bílblaðs Fréttablaðsins og Vísis kíkti á tryllitækin og náði myndum af þessum skemmtilega viðburði. Víst er að margir hafi þarna upplifað langþráðan draum um að aka Porsche-bíl og það á kappakstursbraut þar sem leyfilegt er að reyna á bílana án þess að brjóta nokkur lög. Vonandi verða fleiri svona viðburðir á landinu á komandi árum til að gleðja bílaáhugamenn.



## Mercedes íhugar blæjujeppa

Fyrir tveimur árum ákvað Mercedes Benz að hætta framleiðslu síns eina blæjujeppa, G-Class Gelandewagen, sem fyrirtækið hafði framleitt samfleytt í 34 ár. Núna er aftur komið á dagskrá að framleiða blæjujeppa þótt endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin, né heldur hvaða bíll úr jeppalínu Mercedes fengi þessa meðferð. Mercedes Benz telur að það sé markaður fyrir slíkan bíl þótt hann sé ekki stór. Það er ekki að spyrja að Mercedes Benz þessa dagana er kemur að því að uppfylla allar hugsanlegar þarfar viðskiptavinanna, enda hefur bílgerðum þeirra stórfjöldgað á síðustu árum og salan stórukist fyrir vikið. Þessar upplýsingar voru fengnar frá Wolf-Dieter Kurz, yfirmanni sportbíla-deildar Benz. Hann viðurkendi í leiðinni að á stærsta bílamarkaði heims, Kína, væri ekki mikill markaður fyrir svona bíl þar sem Kínverjar kysu áfram stóra lúxusjeppa og vildu ekki hafa þá topplausa. Aðrar markaðir væru þó móttækilegri fyrir svona bílum. Þegar Mercedes Benz ákvað að hætta framleiðslu G-Class með blæju stóðu aðeins eftir jepparnir Jeep Wrangler og Land Rover Discovery sem í boði eru með blæju. Þannig er staðan í dag, en gæti sem sagt breyst á næstunni.



## Tveir Kia Sportage til arekstur.is

Fyrirtækið arekstur.is fékk nýverið afhenta tvo nýja og vel búna Kia Sportage-sportjeppa. Fyrirtækið sérhæfir sig í þjónustu við trygg-ingafélög og viðskiptavinum þeirra, lendi þeir í umferðaróhöppum. „Kia Sportage-bílarirnir hafa komið mjög vel út og reynst afar vel í öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem við höfum þurft að sinna. Þeir eru bæði fallega hannaðir, með gott umgengi og með umhverfismildar og eyðslu-grannar vélar. Þá er sjö ára ábyrgðin sem Kia býður upp á á bílum sínum líka mikilvæg í svona rekstri þar sem bílarirnir eru í mikilli notkun. Bílarirnir eru áberandi í umferðinni enda vel og skemmtilega merktir,“ segir Ómar Þorgils Pálmason, framkvæmdastjóri arekstur.is.

### Vel þjálfaðir í skyndihjálpi

„Við sjáum um að aðstoða við útfyllingu á tjónaskýrslum, mælingar og myndatöku af vettvangi umferðaróhoppa, sem lögregla sinnir ekki, og úrvinnslu gagna. Allir starfsmenn okkar eru sérþjálfaðir með mikla og langa reynslu af vinnu þar sem umferðarslys og umferðaróhöpp hafa átt sér stað. Það tryggir fagleg vinnubrögð og að allra nauðsynlegra gagna sé aflað á vettvangi tjóns,“ segir Ómar en hann á að baki 20 ára starfsferil í lögreglunni. Ómar segir að starfsmenn fyrirtækisins séu vel þjálfaðir í skyndihjálpi og vanir að takast á við erfið mál og stjórna vettvangi þar sem óhapp hefur orðið. Nánari upplýsingar er að finna á arekstur.is og geta þær nýst vel þeim sem lenda í óhöppum í umferðinni.



# NÝR AUDI Q7 JEPPI BOÐAR KOMU SÍNA Í ÁGÚST

**Bakkar sjálfur með kerru í eftirdragi, leggur í stæði og keyrir sjálfur í umferðaröngþveiti. Kemur einnig á næsta ári í formi tvíorkubíls.**

**N**æstkandi ágúst lendir nýr Audi Q7 í höfuðstöðvum Heklu við Laugaveg 170-174. Hans hefur verið beðið með eftirvæntingu. Audi Q7 er mikið uppfærður og setur ný viðmið í flokki lúxusjeppa hvað varðar aksturseginnleika, upplýsingakerfi og aðstoðarkerfi fyrir ökumann. „Nýr Audi Q7 er holdgervingur nýrrar kynslóðar Audi-jeppa og við hér í Heklu erum mjög spennt fyrir því að fá hann í hús. Viðskiptavinir okkar hafa einnig beðið eftir honum með eftirvæntingu og það gleður okkur að geta tilkynnt að hann verði frumsýndur í ágúst. Þetta er sterkur og stæðilegur lúxusjeppi en jafnframt snarpur og sparneytinn þar sem hann er 325 kílóum léttari og 26 prósentum eyðslugrenni en fyrirrennarinn,“ segir Jóhann Ingi Magnússon, sölustjóri Audi.

### Hlaðinn nýjungum og aðstoðarbúnaði

Audi er á stafrænni siglingu en yfirmaður tæknideildar Audi, Mattias Ulbrich, hlaut nú í júní verð-

laun fyrir framúrskarandi upplýsingatækni sem hefur leitt af sér enn betri upplifun viðskiptavina Audi. Nýr Audi Q7 kemur meðal annars með nýjung sem kallast „Audi virtual“ mælaborði og nýju „MMI“ kerfi með stóru snerti-borði sem auðveldar alla stýringu. Hann er einnig einn af fyrstu bílunum sem bjóða upp á tengimöguleika við Google Android Auto og Apple CarPlay. Nýr Audi Q7 er í fremstu röð þegar kemur að aðstoðarkerfum. Hann getur til að mynda lagt sjálfur í stæði, séð um að bakka með kerru og keyrt sjálfur í umferðaröngþveiti. Enginn annar fjöldaframléiddur bíll býður upp á fleiri aðstoðarkerfi sem valkost. Útfærsla á vélum Audi Q7 er til fyrirmyndar fyrir aðra fjórhjóladrifna jeppa. Dísilvél 3.0 TDI er 272 hestöfl og bensínvél 3.0 TFSI 333 hestöfl sem skila nýjum Audi Q7 frá 0-100 km/klst. á 6,1 sekúndu (TFSI) og 6,3 sekúndu (TDI).

### Léttist um 325 kíló

Ein helsta áskorun bílaframleiðenda er að smíða léttari bíla. Með því að fara ítarlega yfir hvert einasta smáatriði og prófa nýjar


efnablöndur tókst tækniteymi Audi að að létta nýjan Audi Q7 um 325 kíló. Af því leiðir minni eldsneytisnotkun og snerpa sem kemur á óvart miðað við svo stæðilegan og rúmgóðan bíl. Nýr Audi Q7 með dísilvél eyðir um 26 prósentum minna en fyrirrennarinn og kneypar aðeins 5,7 lítra af eldsneyti á hundraðið í blönduðum akstri. Koltvísýringsútblástur vélarinnar er 149 gr/km, sem kemur Audi Q7 á toppinn í flokki lúxusjeppa. Hekla er leiðandi í fjölbreyttum aflgjöfum og býður upp á breiða línu af umhverfisvænum bílum. Í byrjun næsta árs verður Audi Q7 fylgt eftir með Audi Q7 e-tron quattro. Þar er um að ræða fyrsta tengitvinnbílinn frá Audi sem verður í boði með dísilvél. Hann verður 373 hestöfl og skilar 700 Nm tugi. Þetta er jafnframt fyrsti dísiltengitvinnbílinn sem býður upp á fjórhjóladrif í flokki lúxusjeppa. Uppgefin eldsneytiseyðsla er aðeins 1,7 lítrar á 100 km og undir 50 grömmum á hvern kílómetra í útblæstri (Co2). Fullhlaðin rafhlaða dregur allt að 56 kílómetra. Verð á Audi Q7 3.0 TDI er frá 11.890.000 krónum.

# OPEL RÆÐST AÐ ÚTBLÆSTRI DÍLSILVÉLA

**Ný kynslóð umhverfisvænna dísilvéla komin í umferð.**

Sókn Opel á heimsmarkaði byggist á öflugri þróunarstarfi. Mjög athyglisverðar nýjungar frá Opel líta dagsins ljós á bílamarkaðnum jafnt og þétt til ársins 2018, í formi 27 nýrra bílgerða og 17 nýrra véla. Einar markverðustu nýjungarnar felast í þróun dísilvéla. Nú þegar skarta Opel-bílarirnir einum þróuðustu dísilvélum heims og með tilkomu nýju tveggja lítra CDTI-vélarinnar, sem kynnt var fyrri hluta ársins 2015, má segja að ný kynslóð af hljóðlátari og umhverfisvænni dísilvélum verði komin í Opel-línuna, allt frá Corsa til Insignia. Nýjar og nettar 1,3 lítra og 1,6 lítra vélar, sem og stærri

2,0 lítra vél, hafa af stórum hluta til verið þróaðar með eiginleika sem byggja á AdBlue-kerfinu, sem snýst í grunninn um hæfileikann til að eyða sótflögum í útblæstri betur en áður hefur þekkst. Þessar byltingarkenndu dísilvélar mæta ströngu Euro 6 útblástursstöðlum. Ökumenn munu njóta þeirra að fullu með góðri samvisku því að í þeim sameinast kraftur, akstursánægja, sparneytni og ábyrgð í umhverfismálum. Útblásturinn verður á pari við bensínvélar. Með tilkomu þessarar nýju kynslóðar af dísilvélum frá Opel er mikill útblástur mengandi efna nánast úr sögunni.



# Árlega getur þú sparað

148.469 kr.

ef þú leigir  
dæmigerðan jeppling




---

## Lykilleiga - ódýrari kostur

---

Kynntu þér kosti Lykilleigu á [Lykill.is](http://Lykill.is) eða hafðu samband við okkur í síma **540 1700**

---

	<p><b>1,2 L BENSÍNVÉL, 110 HESTÖFL</b> Framhjóladrif</p> <p><b>Eyðsla 4,8 l/100 km í bl. akstri</b></p>	<p><b>Mengun 108 g/km CO2</b> <b>Hröðun 9,1 sek.</b> <b>Hámarkshraði 196 km/klst.</b> <b>Verð 2.290.000 kr.</b> <b>Umboð Hekla</b></p>	<p></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efnisnotkun í innrétt-ingu</li> <li>Hátt verð á dýrustu útfærslu</li> </ul>	<p></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>1,2 TSI vélin</li> <li>Aksturseiginleikar</li> <li>Sniðugar innanrýmislausnir</li> </ul>
---	---	--	---	--

# SKYNSAMLEGUR SMÁBÍLAKOSTUR

Ný kynslóð Fabia fæst með frábærri 1,2 lítra TSI-bensínvél og eins og aðrir Skoda-bílar er hann troðinn sniðugum lausnum.

## REYNSLUAKSTUR – SKODA FABIA

Finnur Thorlacius reynsluekur

Sutt er síðan Skoda Fabia kom til landsins af þriðju kynslóð en sú fyrsta leit dagsins ljós árið 1999. Skoda Fabia er næstminnsti bíll Skoda, stærri en Citygo en minni en Rapid. Skoda Fabia er eins konar systurbíll Volkswagen Polo og eiga þeir margt sameiginlegt þó að ekki sé hægt að segja að ytra útlit þeirra sé sláandi líkt. Báðir eru þeir smíðaðir á MQB-undirvagninum sem notaður er undir svo marga bíla hinnar stóru Volkswagen-bílafjölskyldu. Ný kynslóð Fabia hefur tekið heilmiklum breytingum. Fyrir það fyrsta er hann orðinn talsvert fallegri, en hann hefur einnig lést um 65 kíló, breikkað um 9 cm, styst um 0,8 cm og lækkað um 3 cm. Að þessu leyti má segja að þessi nýja kynslóð sé afturhvarf til fyrstu kynslóðar bílsins. Innanrými hans

hefur stækkað nokkuð og er það vel fyrir fremur smáan bíl. Skoda Fabia af þriðju kynslóð hefur þegar unnið til verðlauna og hlaut titlana „Overall winner“ og „Best small car“ hjá What Car? bíla-bláðinu. Við reynsluakstur á bílnum kemur það greinarritari ekki svo mikið á óvart, hér fer ferlega góður smábíll með frábæra vél og skiptingu og aksturseiginleikar hans eru til fyrirmyndar.

### Margar útfærslur

Skoda Fabia er hægt að fá í margs konar útfærslum, í fyrsta lagi sem stallbak eða langbak með þrens konar vélarkostum og þrens konar útfærsluinnréttinum sem innihalda því meiri aukabúnað eftir því sem dýrari kostir eru valdir. Ekki munar miklu á verði stallbaksins og langbaksins og með þeim síðarnefnda er kominn bíll fullfær í lengri ferðalög. Þarna munar á bilinu 140 til 190 þúsund krónum, eftir öðrum útfærslum. Aflminnsta vélin í bílnum er 75 hest-



Skoda Fabia er næstminnsti bíllinn í bílafloata tékkneska framleiðandans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

afla og 1,0 lítra vél. Síðan má fá bæði 90 og 110 hestafla útfærslu frábærrar 1,2 lítra TSI vélar. Þarna munar þó talsvert miklu í

verði; frá 75 hestafla bílnum með ódýrustu innréttunni og til 90 hestafla bílsins með næstbestu innréttunni er hálfir milljón króna munur, eða frá 2.290.000 til 2.790.000 kr. Ef valinn er 110 hestafla vélin og besta innréttunin er verðið komið í 3.490.000 kr.

### Frábær TSI-vél

Bíllinn sem var reynsluekið var

með 110 hestafla TSI-vélinni, forþjöppudrifinni, sem tengd er við DSG-sjálfskiptingu. Þessi vél er alveg stórskemmtileg og drífur bílinn áfram með stæl. Snerpan er fyrir vikið eitthvað til að gleðjast yfir og það eykur mjög akstursánægjuna. Uppgefin hröðun bílsins með þessari vél er 9,1 sekúnda í hundrad kílómetra hraða. Ekki sakaði að vélin er tengd frábærri



Snyrtileg og vel uppsett innréttun.

## Frábær Hercules jeppadekk í miklu úrvali á góðu verði.

Vaka á verði fyrir þig.



**VAKA**

Vaka hf Skútuvogi 8  
Sími 567-6700 • vakahf.is

DSG-skiptingu sem finna má í svo mörgum bílum stóru Volkswagen-bílafjölskyldunnar. Með henni nýtir hún allt afl vélarinnar hverju sinni og virðist alltaf í réttum gír. Akstursegingleikar þessa bíls eru með því allra besta sem finnst í þessum flokki bíla, jafnvel á toppnum hvað það varðar. Svo virðist sem Skoda hafi tekist mjög vel upp með uppsetningu fjöðrunar bílsins og því er mjög gaman að henda honum gegnum beygjurnar og ekki gætir mikils hliðarhalla við það.

#### Sniðugar lausnir í innréttingunni

Ekki er hægt að kvarta yfir innanrými Fabia þó að þar ríki enginn lúxus. Vart er hægt að gera meiri kröfur fyrir svo ódýran bíl, en tiltölulega ódýrt plast er áberandi í innréttingunni. Innanrýmið hefur stækkað örlítið þrátt fyrir að bíllinn hafi styst að ytra máli um 8 millimetra. Olnbogaráymi og fótaráymi bæði frammi í og aftur í, hefur stækkað og skottið hefur einnig stækkað og er það stærsta í þessum flokki bíla, eða 330 lítrar, 15 lítrum meira en í fyrri kynslóð. Eins og í öllum öðrum bílum Skoda er skemmtilegar lausnir að finna víða í innréttingunni. Færa má skottspjaldið í tvær mismunandi hæðir, krókar fyrir innkaupapoka, gleraugnahulstur frammi í, snjóskafa í skottlokinu, geymsluhólf undir framsætum, hliðarnetvasar á framsætunum fyrir t.d. farsímamann og ruslbakki í framhurðum eru skemmtileg dæmi um úthugsaðar lausnir sem finna má í þessum bíl. Þarna gerir Skoda betur en allir aðrir bílframleiðendur. Eins og áður segir kostar Fabia frá 2.290.000 kr. en reynsluakstursbíllinn kostar 3.190.000 kr. Til að nefna nokkra samkeppnisbíla kostar Volkswagen Polo frá 2.310.000 kr., Ford Fiesta frá 2.390.000 kr. og Opel Corsa frá 2.490.000 kr. Fabia er ódýrastur þessara bíla, en verðið hækkar bratt með öflugri vélarkostum og betri innréttingum.



Nægt pláss í litlum bíl.




Allir hugsanlegir tengimöguleikar.

# Hagkvæm fjármögnun atvinnutækja

**Landsbankinn býður fyrirtækjum** hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, vélum og rekstartækjum. Við bjóðum sveigjanleika í greiðslubyrði og allt að 80% lánshlutfall.

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).



Landsbankinn

[landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

410 4000



## REYKJAVÍK SÍÐDEGIS ER Í LOFTINU

ÞORGEIR, KRISTÓFER OG BRAGI  
OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR

VIRKA DAGA MILLI KL. 16:00 - 18:30



f BYLGJAN989

#BYLGJAN



## Glæsileg afmælishátíð hjá Bílabúð Benna

Sólin skein skært á dögnum þegar Bílabúð Benna bauð til afmælishátíðar í tilefni af 40 ára afmæli fyrirtækisins. Á þriðja þúsund manns mættu í höfuðstöðvarnar við Vagnhöfða yfir daginn og skemmtu sér allir hið besta. Dagskráin var afar glæsileg, með fjölda skemmtikrafta, leiktæki fyrir börnin, grillaðar pylsur, gos og afmæliskökur fyrir alla fjölskylduna. Einnig var í gangi afmælisleikur með Porsche-reiðhjól í vinning. Fjölmarginu notuðu líka tækifærið til að kynna sér nýju bílana frá Bílabúð Benna; Opel, Porsche, Chevrolet og SsangYong. Að sögn Benedikts Eyjólfssonar, forstjóra hjá Bílabúð Benna, ríkir mikil gleði með hvernig til tókst og segir hann að margir spennandi hlutir séu í farvatninu á árinu, í tilefni afmælisins.



## Renault verðlaunar BL fyrir framúrskarandi árangur

Renault Group í Frakklandi efndi nýlega til verðlaunahátíðar í París, þangað sem fyrirtækið stefndi þeim fulltrúum bílaumboða fyrir Renault og Dacia í heiminum sem stóðu sig best í sölu og markaðsmálum á síðasta ári. Til efnið var að þakka þeim góðan árangur og veita þeim viðurkenningu Renault Group. Af rúmlega sjötíu umboðsaðilum sem Renault Group er með á heimsvísu bauð fyrirtækið til sín fulltrúum tíu fyrirtækja sem skoruðu fram úr árið 2014 í sölu á Renault og Dacia. BL var eitt þeirra fyrirtækja, en BL jók sölu um rúm 57% á árinu með sölu á 756 bílum í stað 480 árið 2013. Fyrir hönd BL tóku við viðurkenningunni þeir Skúli K. Skúlason, framkvæmdastjóri sölusviðs BL, og Bjarni Þórarinn Sigurðsson, vörumerkjastjóri Renault og Dacia hjá BL. Á meðfylgjandi mynd eru f.v. Max Missana, framkvæmdastjóri hjá Renault sem sér um þróun umboðsmannakerfis fyrirtækisins, Skúli K. Skúlason, sem heldur á verðlaunagripnum, Carlos Ghosn, forstjóri og stjórnarformaður Renault Group, og Jérôme Stoll, yfirmaður sölu og markaðsmála hjá Renault.



## Dacia með tvo nýja fyrir Suður-Ameríku

Rúmenska bílaframleiðandanum Dacia, sem er í eigu Renault, hefur gengið ákaflega vel á síðustu árum og stóraukið sölu sína, ekki bara í Evrópu. Í S-Ameríku hafa Dacia-bílar selst vel og því hefur Dacia ákveðið að setja þar á markað tvær nýjar gerðir, sem þó eru báðar byggðar á þekktum bílum þeirra. Annar þeirra er pallbíll sem byggður er á Dacia Duster-jepplingnum og fellur í flokk pallbíla milli 1 og 1,5 tónna. Hann er því með minni pallbílum og þar sem hann er miklu ódýrari en hinir stóru bandarísku pallbílar má búast við ágætri sölu hans. Hinn bíllinn er Sandero RS 2.0, sportútgáfa af Sandero-bílnum. Hann er með 145 hestafli vél sem skilar honum í hundraðið á 8,5 sekúndum. Þarna er á ferð ódýr sportbíll, sem er þó samt á 17 tommu felgum, mun huggulegri innréttingu en í grunnbílnum, sportfjöðrun og sportlegri stýringu, auk öflugra diskabremsa. Það var sportbíladeild Renault sem sá um hönnun og útfærslu bílsins og af myndinni að dæma hefur ágætlega tekist til. Báðir þessir bílar verða í fyrstu eingöngu markaðssettir í S-Ameríku og voru kynntir á nýafstaðinni bílasýningu í Buenos Aires í Argentínu.



## GÓÐUR ÁRANGUR HJÁ MERCEDES-BENZ

Gott gengi Mercedes-Benz heldur áfram og seldi fyrirtækið alls 151.135 bifreiðar í maí, sem er 12,8% meiri sala en í fyrra.

Alls seldust 728.809 Mercedes-Benz bílar á heimsvísu fyrstu fimm mánuði ársins, sem er 13,6% söluaukning borið saman við sama tímabil í fyrra. Í Evrópu setti lúxusbílaframleiðandinn sölumet og hefur aldrei áður selt jafnmarga bíla á fimm mánaða tímabili. Alls fengu 316.362 viðskiptavinir nýja Mercedes-Benz bíla afhenta á fyrstu mánuðum ársins í Evrópu og jókst sala bílaframleiðandans þar um 10,5% á þessum tíma miðað við sama tímabil í fyrra. Mercedes-Benz setti sölumet í Bretlandi, Svíþjóð og Portúgal á þessum fyrstu fimm mánuðum ársins. Þá jókst salan enn frekar í Bandarík-

unum, Kanada, Kína og Japan. „Þetta eru vissulega mjög góðar fréttir fyrir Mercedes-Benz. Það hefur verið sérstaklega mikil sala í hinum nýja C-Class sem og sportjeppeunum. Það eru spennandi tímar fram undan og síðar í þessum mánuði verður nýr GLC-sportjeppe frumsýndur í Þýskalandi. Forveri hans er GLK, sem er söluhæsti sportjeppe Mercedes-Benz, þannig að við erum bjartsýn á að halda áfram þessum góða árangri,“ segir Ola Källenius, stjórnarformaður hjá Daimler AG, sem er framleiðandi Mercedes-Benz.

### Söluaukning Benz hérlendis 57%

„Þessi aukna sala bæði á heimsvísu og í Evrópu kemur ekki á

óvart þar sem Mercedes-Benz hefur verið að koma fram með fjölmarga nýja og spennandi bíla á undanförunum misserum. Hér heima hefur Mercedes-Benz verið söluhæsta lúxusbílaamerkið síðustu ár. Fyrstu fimm mánuði ársins 2015 var 161 nýr Mercedes-Benz fólksbíll skráður, sem er um það bil 57% söluaukning frá fyrra ári. Markaðshlutdeild þýska framleiðandans var um 2,6% á þessu tímabili, sem er sú hæsta frá upphafi og sama hlutdeild og merkið náði á árinu 2014 hér á landi. Við hjá Öskju erum að sjálf-sögðu hæstanægð með gott gengi Mercedes-Benz,“ segir Ásgrímur Helgi Einarsson, sölustjóri Mercedes-Benz hjá Bílaumboðinu Öskju.

## KÚRA Í DACIA DOKKER OG LÁTA FARA VEL UM SIG

Bílaleigan Kú kú Campers leigir út húsbíla af öllum stærðum og gerðum og er m.a. með 45 Dacia Dokker-sendibíla í þjónustu sinni sem eru sérútbúinir með svefnaðstöðu fyrir tvo. Kú kú hefur slegið í gegn á meðal ferðamanna sem keppast um að bóka bíla á heimasíðunni, enda er þetta engin venjuleg bíla-leiga. Stjórnendur Kú kú segjast einfaldlega vera kú kú!

### Komast meira en húsbílar

„Ef fólk er að leita að hefðbundnum húsbíl til að þvælast um landið með öðru húsbílafólki í einni kös, þá ættu menn kannski að leita eitthvert annað. Ekki það, okkar bílar myndu sóma sér vel í þyrpingunni því þeir eru svo flottir,“ segir Steinarr Lár, framkvæmdastjóri Kú kú. „En svona að öllu gamni slepptu þá eru okkar viðskiptavinir aðallega ungt fólk, mest erlendir ferðamenn, sem vilja upplifa og njóta landsins á eigin vegum, gjarnan fjarri fjölförnu ferðamannastöðunum til að njóta kyrrðar og útsýnis. Þú getur lagt bílnum nær hvar sem er og gíst án þess að fara út í mikinn kostnað við stóran húsbíl eða fyrirhöfnina við að



tjalda. Okkar viðskiptavinir elda sjálfir á staðnum, sitja úti og horfa upp í himininn, sofa í bílnum og njóta þess að vera á eigin vegum. Þessir ferðamenn koma á öllum tíma ársins, ekkert síður köldustu mánuðina, þeir láta næturfrostið ekkert á sig fá. Þeir kúra í bílnum og láta fara vel um sig.“

### Bættu við 25 bílum í ár

Kú kú Campers er með 45 Dacia

Dokker sendibíla í útleigu. „Við tókum 20 bíla í notkun á síðasta ári og bílarnir hafa reynst afar vel. Þess vegna bættum við 25 bílum af sömu gerð í flotann núna í vor. Dokker hefur reynst afar haggvæmur í rekstri hjá okkur, það er gott að keyra þessa bíla og svo eru alls konar aukahlutir í þeim eins og Bluetooth, USB og fleira sem eykur þægindi notenda bílanna,“ segir Steinarr.





1975 | Bílabúð Benna | 2015

ÞÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!

### Opel Corsa

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.



## Ný Corsa

## Láttu Opel koma þér á óvart

Corsa var kynntur til sögunnar árið 1982, sló strax í gegn og hefur selst í um 12,3 milljónum eintaka. Það er heilmargt sem kemur á óvart við fimmtu kynslóðina af Corsa. Bíllinn státar af óvenju fullkomnum tækni- og öryggisbúnaði, glæsilegum línnum, sprækum vélum og sparneytni, enda hreppti hann titilinn „Best Buy Car of Europe 2015“ – sem segir í raun allt.

**Bílabúð Benna**

Sérfræðingar í bílum

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
Verið velkomin í reynsluakstur.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

MAZDA2


**1,5 L BENSÍNVEL, 90 HESTÖFL  
FRAMHJÓLADRIF**
**Eyðsla 4,8 l/100 km í bl. akstri  
Mengun 112 g/km CO2**
**Hröðun 9,4 sek.  
Hámarkshraði 183 km/klst.  
Verð 2.390.000 kr.  
Umboð Brimborg**


- Efnisval innréttingar
- Lítið skott
- Innanrymi lítið stækkað milli kynslóða



- Góðir aksturseiginleikar
- Hljóðlátur
- Frábærar vélar
- Lágt verð

# ENN EITT SNILLDARÚTSPIL MAZDA

Hver snilldarábíllinn eftir öðrum kemur nú frá smiðju Mazda og hér fer sá minnsti þeirra, þ.e. þangað til Mazda MX-5 sportbíllinn kemur í sölu hérlendis, vonandi á þessu ári.

## REYNSLUAKSTUR MAZDA2

Finnur Thorlacius reynsluakstur

Það var með heilmikilli tilhlökkun sem ég sótti nýjasta bíl Mazda, Mazda2, upp í Brimborg þrátt fyrir að þar fari lítil og ódýr bíll. Ástæða þess er sú að Mazda gerir flest rétt þessa dagana og hver einasti bíll sem þeir hafa sent frá sér undanfarið hefur verið frábær í akstri og fállegur. Hreint magnað hvað þessum litla bílaframleiðanda hefur tekist án þess að bindast öðrum stærri. Mazda-bílar seljast nú ákaflega vel á Íslandi en gætu selst miklu betur, en þar sem þeir eru svo vinsælir um allan heim hefur Brimborg ekki fengið nógu marga bíla og er svelt af nokkrum bílgerðum Mazda, ekki síst hinum frábæra jepplingi Mazda CX-5. Mazda2 er minnsti bíllinn sem Brimborg selur frá Mazda og í sinni ódýrustu gerð kostar hann aðeins 2.390.000 krónur. Hann er samt fimm dyra og merkilega rúmgóður bíll. Mazda2 er að sjálfsögðu með SkyActive-vélar eins og aðrar gerðir Mazda-bíla og var það enn ein ástæða tilhlökkunarinnar. Mazda2 er þegar byrjaður að safna verðlaunum en hann var meðal annars valinn bíll ársins í Japan 2014/2015 og fékk gullna stýrið í Þýskalandi ásamt því að hljóta Red Dot-hönnunarverðlaunin. Hann kemur nú af fjórðu kynslóð en sú fyrsta var kynnt árið 1996.

### Efitt að ná uppgefni eyðslu

Um nokkra vélarakosti er um að velja í Mazda2, allar með SkyActiv-tækninni. Bensínvélararnar eru allar með 1,5 lítra sprengirými, en 75, 90 og 110 hestafla. Dísilvélin er einnig 1,5 lítrar og 105 hestöfl. Reynsluakstursbíllinn var með 90 hestöfla bensínvélinni og fór þar nokkuð frískleg vél sem dugur bílnum vel, en er engin spyrnukerra heldur. Tog hennar er 148 Nm og mætti reyndar vera meira til að fullnýta góða aksturseiginleika bílsins. Uppgefin eyðsla bílsins með sjálfskiptingu, eins og reynsluakstursbíllinn var, er 4,8 lítrar, en í frísklegum akstri bílsins nálgast hann of mikið 7 lítrana og

því þarf örugglega að aka bílnum mjög varfærnislega til að nálgast þessa uppgefnu eyðslu. Þetta er reyndar alltof algengt með þá bíla sem reyndir eru. Taka skal fram að ekkert af reynsluakstrinum fór fram utanbæjar, en uppgefin eyðsla miðast við blandaðan akstur.

### Frábær akstursbíll

Reynsluakstur bílsins var einkar ánægjulegur, þarna fer frábær akstursbíll, rétt eins og með aðra bíla Mazda um þessar mundir. Hann er svo lipur og þægilegur í borginni að unun er af. Beygjuradíusinn á bílnum er skemmtilega lítill og ég stóð mig að því að geta snúið bílnum á götu án þess að þurfa að bakka þar sem ég hefði aldrei getað snúið á eigin bíl. Lipur er hann í stýri og svo léttur í akstri að ökumaður gleymir sér í áhyggjuleysinu, sérstaklega þar sem hann var sjálfskiptur. Skiptingin er ágæt en ég stóð hana stundum að því að koma sér ekki í réttan gir ef skyndilega var gefið í og því varð nokkur bið á annars ágætri upptöku. Líklega yrði beinskipt útgáfa bílsins fyrir valinu í mínu tilfelli og með því sparast 200.000 kr. Svona lítill bíll verður bara skemmtilegri beinskiptur. Athygli vakti hvað bensínvélin var hljóðlát og velti ég því stundum fyrir mér hvort bíllinn væri í gangi og í akstri heyrir sáralítið í henni og sama á við um veghljóð. Mazda fullyrðir að tekist hafi að minnka hljóð og titring um 15 prósent á milli kynslóða bílsins.

### Mikill búnaður í ódýrum bíl

Jákvæð breyting hefur orðið á innanrymi Mazda2 frá þriðju kynslóðinni. Hann er býsna laglegur þó svo að orðið lúxus komi ekki upp í hugann. Efnisval er fremur af ódýrari gerðinni, enda fer hér ódýr bíll. Mælaborðið er einfalt, enda er heilmiklu stjórnað frá fremur stórum aðgerðaskjá fyrir miðju mælaborðsins og það fækkar tökkunum. Sæti eru ágæt og þeir sem eru ekki stærri en 180 cm geta rúmast vel fyrir í aftursætunum. Heilmikill búnaður fylgir í þessum smávaxna bíl, meira en búast ætti við.



Hann er með Start/stop-tækni, rafdrifnum rúðum allan hringinn, rafdrifnum hliðarspeglum, hita í framsætum, loftþrýstingsnemum í hjólbörðum, DSC-stöðugleikakerfi og TCS-spólvörn, startrofa í mælaborði, hæðarstillingu á bílstjórasæti og alla hugsanlega tengimöguleika fyrir afþreyingu. Þessi upptalning á við um ódýrustu útfærslu bílsins, en ef þær tvær dýrari eru keyptar fæst margt spenn-

andi að auki. Þar sem Mazda hefur með þessari nýju kynslóð hlaðið bíllinn búnaði hefur hann ekki lést mjög mikið milli kynslóða, en samt er hann aðeins 975 kg. Það telst til eins af mörgum kostum við þennan bíl og ekki síst þess vegna eru aksturseiginleikarnir svo góðir. Helstu samkeppnisbílar Mazda2 eru VW Polo (2.390.000 kr.), Toyota Yaris (2.660.000), Opel Corsa (2.490.000), Renault Clio (2.360.000), Honda

Jazz (3.290.000) og Peugeot 208 (2.290.000). Á þessu sést að Mazda2 er á mjög samkeppnis-hæfu verði og það fæst mikið fyrir peninginn. Ekki er hægt að ljúka skrifum um Mazda bíla án þess að minnst á tilvonandi komu Mazda MX-5 Miata sportbílsins til Brimborgar vonandi seinna á árinu. Þar fer goðsögn sem allir mæra og hann verður það ódýr að bílaáhugamenn ættu að kætast.

**365 Lofthraði**

## MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN

- MEIRI HRAÐI
- STÖÐUGRA SAMBAND
- INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á [lofthradi.is](http://lofthradi.is)

Lofthradi.is | Sími 1817 **365**



Gott aðgengi er að skotryminu og pláss þar ágætt.



**LAGLEG INNRÉTTING**  
Innréttingin er ári lagleg þó svo að orðið lúxus komi ekki upp í hugann.



**FLIPASKIPTING**  
Stór aðgerðaskjár er fyrir miðju mælaborði

Ford Fiesta er  
mest seldi smábíll Evrópu



## Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.** *Glæsilegur staðalbúnaður  
Komdu og prófaðu  
mest selda smábíl Evrópu*

5 dyra · MyKey · Fáanlegur með vél ársins (*International Engine of the Year*) þrjú ár í röð · Hiti í framsætum 3,5 tommu upplýsingaskjár · AUX og USB tengi · Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur · Samlitaðir stuðarar Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar · Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 · Samlituð vindskeið · 6 hátalarar Einstaklega rúmt farangursrými (290 lítra) · Frábær í endursölu · Start Stop spartækni · Brekkuaðstoð Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna · Samlitaðir hliðarspeglar · EasyFuel ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn · Ofnæmisprófuð efni í innréttingu · Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði 5 stjörnu öryggi · Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns



20 ára afmæli  
Ford hjá Brimborg

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.  
Opnið á laugardögum frá og með 8. ágúst.

[ford.is](http://ford.is)

Ford Fiesta, bensín 65 hð/EcoBoost 100 hð, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO<sub>2</sub> 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# MASTERCARD VILL KORTLEGGJA VIÐSKIPTAHÆTTI BÍLEIGENDA

Safna upplýsingum fyrir tryggingafélög og fyrirtæki sem starfa á markaðnum.



Það tekur ekki margar innkaupaferðir eða heimsóknir á söluvefi að kortleggja áhugasvið og kaupgetu hvers og eins, svo lengi sem einhver tekur þessi gögn saman. Það er einmitt það

sem Mastercard hefur áhuga á að gera við bíleigendur. Þessum upplýsingum hyggst Mastercard safna fyrir aðila eins og tryggingafélög og fyrirtæki sem starfa á auglýsingamarkaði. Ekki

hljómar þetta ýkja huggulega og er enn eitt dæmið um að „stóri bróðir“ veit allt um okkur og vill vita aðeins meira. Mastercard svarar gagnrýnisröddunum með því að mun ódýrara væri að

safna gögnum á þennan hátt en með könnunum og úthringingum. Með þennan ásetning að leiðarljósi hefur Mastercard sótt um einkaleyfi í Bandaríkjunum á tæknilausn sem gerir slík-

ar rannsóknir mögulegar. Það var vefurinn Free Patents Online sem vakið hefur athygli á þessari umsókn Mastercard og er greinilega ekki hrifið af áætlanum þess.



## Nýi Camaro með blæju

Í maí síðastliðnum kynnti Chevrolet nýja kynslóð hins goðsagna-kennda Camaro-sportbíls. Nú er komið að topplausri gerð bílsins og ekki er hægt að segja annað en að bíllinn sé talsvert fyrir augað. Chevrolet hafði áður kynnt coupe-gerð Camaro á Belle Isle í Detroit og þessi blæjgerð Camaro fær svo til alveg sama útlit og hefur það kætt þá sem séd hafa. Chevrolet Camaro var til með blæju af síðustu kynslóð, en talsverðar breytingar hafa verið gerðar til góds. Meðal annars má nú reisa og fella blæjuna á 50 km hraða og það alveg sjálfvirk. Einnig má fella hana eða reisa með takka í bíllyklinum. Þá hefur efnisnotkun blæjunnar batnað og ætti nú ekki að heyrast neitt í henni á ferð, en það vildi loða við síðasta blæjubíl. Nýja kynslóð Camaro er um hundrað kílóum léttari en sú fyrri og það sama á við blæjubílinn. Vélarkostirnir eru þeir sömu og í hefðbundnum Camaro, þ.e. 4 strokka forþjöppuvél, 3,6 lítra V6 og 6,2 lítra V8 vél og velja má milli 6 gíra beinskíptingar og 8 gíra sjálfskíptingar. Camaro með blæju mun koma á markað í byrjun næsta árs.



## Nýr Audi A4 er 120 kg léttari

Audi kynnti nýverið nýjan A4 bíl sinn, að fimmtu kynslóð, og fer það ekkert á milli mála að þar fer Audi A4. Hann er afar líkur forvera sínum, þótt aðeins hafi verið skerpt á línunum bílsins. Er það líkt á komið og með Audi Q7 jeppann og Audi R8 sportbílinn. Mesta breytingin við A4 er líklega fólgin í mikið minni vigt bílsins því Audi hefur tekist að létta bílinn umtalsvert, eða um 120 kíló, sem er býsna mikið fyrir ekki stærri bíl. Enn fremur hefur Audi tekist að gera loftmótstöðu bílsins þá lægstu í þessum flokki, eða aðeins 0,23 cd. Hann ætti því að vera fær um keppni við sína helstu samkeppnisbíl, þ.e. BMW 3-línuna og Mercedes Benz C-Class. Audi A4 verður áfram í boði bæði með fjórhjóladrifi og framhjóladrifi og í langbaks-útfærslu og sem „sedan“-bíll. Vélarkostirnir í nýja bílnum eru 150 til 272 hestafla bensínvélur og 2,0 og 3,0 lítra dísilvélur sem skarta svo lágru eyðslu sem 3,7 lítrum. Eyðsla vélanna hefur lækkað um allt að 21 prósent og aflíð aukist um allt að 25 prósent.



## Hagkvæm bílafjármögnun fyrir viðskiptavinum

Með reiknivélinni á arionbanki.is getur þú skoðað greiðslubyrði og hvaða fjármögnunarkostir henta þér.

 Arion banki

